

Skólastjóri



Sveitarfélagið Ölfus óskar eftir að ráða skólastjóra við Grunnskólann í Þorlákshöfn. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem býr yfir þekkingu og skýrri sýn á skólastarf og veitir faglega forystu til framtíðar þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda.

Mikilvægt er að skólastjóri sé tilbúinn að viðhalda þeim góða skólabrag sem hefur einkennt starf Grunnskólans í Þorlákshöfn.

Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst næstkomandi eða fyrr eftir samkomulagi.

Umsóknarfrestur

21. maí

Meginhlutverk skólastjóra er að

- Veita faglega forystu og móta framtíðarsýn í samræmi við skólustefnu sveitarfélagsins, aðalnámskrá grunnskóla og lög um grunnskóla.
- Stýra og bera ábyrgð á rekstri og daglegri starfsemi skólans.
- Bera ábyrgð á starfsmannamálum, s.s. ráðningum, starfsþróun og vinnutilhögun.
- Bera ábyrgð á samstarfi við aðila skólasamfélagsins.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/6650

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leyfisbréf sem grunnskólakennari og kennslureynsla í grunnskóla.
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar eða uppeldis- og menntunarfræða.
- Farsæl stjórnunar- og kennslureynsla og reynsla af grunnskólastarfi.
- Færni í starfsmannastjórnun sem og í fjármálastjórnun og áætlunargerð.
- Vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi og áhugi á þróunarstarfi.

Í skólanum eru um 230 nemendur í 1.-10. bekk. Við skólann starfar hæft og vel menntað starfsfólk og stöðugleiki hefur verið í starfsmannahaldi. Einkunnarorð skólans eru: Vínátta, virðing og velgengi. Skólinn er Grænfánaskóli þar sem nemendur vinna af metnaði að umhverfismálum og minnkun matarsóunar. Húsnæði skólans er afar gott líkt og allur aðbúnaður. Gott samstarf er við leik- og tónlistarskóla á staðnum en tónlistarskólinn er í húsnæði grunnskólans. Sveitarfélagið Ölfus hefur sinnt skólamállum af miklum metnaði og styður við menntun grunnskólakennara sinna. Í skólanum er lögð rík áhersla á að koma til móts við fjölbreyttar þarfar allra nemenda.

Hamingjan er hér!